

# Framhaldsskólinn á Laugum



FRAMHALDSSKÓLINN Á LAUGUM

## Sjálfsmatsskýrsla 2013 - 2014

Andri Hnikarr Jónsson, Birna Björnsdóttir og  
Júlía B. Sigurðardóttir

# Efnisyfirlit

## Inngangur

### 1.0 Markmið og matsaðferðir

#### 1.1 Nemendur

#### 1.2 Nám

#### 1.3 Kennsla

#### 1.4 Stjórnun

#### 1.5 Samstarf við aðra

### 2.0 Sjálfsmat 2013–2014

#### 2.1 Nemendur – ástundun og líðan

#### 2.2 Nám - námsárangur

#### 2.3 Kennsla - - starfsandi og fagmennska

#### 2.4 Stjórnun -- umfang skólastarfs

#### 2.5 Samstarf við aðra

### 3.0 Sérstakar áherslur í sjálfsmati 2013--2014

#### 3.1 Ástundun

#### 3.2 Árangur

#### 3.3 Áhrif verkfalls

#### 3.4 Áfangamat

### 4.0 Eftirfylgni sjálfsmats

#### 4.1 Sjálfsmatsáætlun frá hausti 2014 til vors 2017.

### 5.0 Viðhengi

#### 5.1 Niðurstöður könnunar um upplifun nemenda á árangri og ástundun vor 2014.

#### 5.2 Niðurstöður könnunar um upplifun kennara á árangri og ástundun nemenda vor 2014, miðað við nýtt mætingakerfi skólans.

## Inngangur

Til lengri tíma litið er reynt að láta sjálfsmatið spanna sem flesta og viðtækasta þætti skólastarfs, s.s. yfirstjórn, fagmennsku, aðbúnað, námsumgjörð, þjónustu við nemendur, foreldrasamstarf, árangur nemenda og traust samstarfsaðila.

Í kafla 1 eru matsþættir flokkaðir, sett fram markmið og útskýrðar aðferðir við að meta hvort þeim hafi verið náð. Þau verkfæri sem nota á við öflun upplýsinga á hverju ári eru tölulegar upplýsingar úr skólaskráningarkerfinu INNU, nemendakannanir, starfsmannakannanir, vinnufundir starfsmanna, foreldrakannanir, matsfundir með starfsmönnum og nemendum auk utanaðkomandi skoðunar.

Kafla 2 fjallar um það sjálfsmat sem fram fór á skólaárinu 2013-2014 í tengslum við markmið úr kafla 1. Þar er greint frá niðurstöðum varðandi þá þætti sem metnir voru. Á hverju ári er lögð áhersla á eitthvað ákveðið atriði og það skoðað eins nákvæmlega og hægt er. Á hverri önn er kennslan metin, jafnt fagtímar sem vinnustofur.

Kafla 3 fjallar um aðra þætti sjálfsmats á skólaárinu.

Við vinnslu sjálfsmats er stuðst við tölulegar upplýsingar úr skólaskráningarkerfinu INNU. Einnig var skrifleg könnun lögð fyrir nemendur í vinnustofutíma þann 15. maí 2014 (47 af þeim 81 nemenanda sem skráðir voru í tímenn svöruðu, eða 58%). Niðurstöður könnunarinnar eru í fylgiskjali 1.)

Svipuð könnun var lögð fyrir kennara þann á starfsdögum í maí (Svör bárust frá 9 kennurum af 13, þ.e. 70% svarhlutfall. Niðurstöður þeirrar könnunar eru í fylgiskjali 2. Auk þess eru

áherslupunktur frá starfsdegi kennara þann 17. maí í fylgiskjali 3.)

Kafli 4 snýr að sjálfsmatsáætlun, sem er alltaf til staðar til þriggja ára. Aðaláhersluatriði skólaársins 2013 -- 2014 eru ástundun og árangur nemenda.

- Aðaláhersluatriði skólaársins **2014--2015** eru kynningarmál skólans og stjórnun hans.
- Skólaárið **2015--2016** er ástundun og árangur nemenda í nýrri námskrá til skoðunar. Einnig verður skoða samstarf við aðra.
- Aðaláhersluatriði sjálfsmats **2016 - 2017** lúti að kennslu, starfsanda og fagmennsku.

Er hún útlistuð nánar í fimmta kafla.

Kafli 5 inniheldur viðhengi með niðurstöðum og myndum úr þeim könnunum sem lagðar voru fyrir þetta skólaár, 2013 til 2014.

## 1.0 Markmið og matsaðferðir

Veturinn 2011 - -2012 var sjálfsmatskerfið endurskoðað og stefnt að því að setja það í meira samhengi við fagleg markmið skólastarfs í skólasamningi. Hér eru taldir upp þættir sem meta á, greint frá markmiðum og útskýrðar aðferðir við að mæla þau.

Sumir þættir voru skoðaðir í þessari skýrslu, aðrir verða metnir síðar.

## 1.1 Nemendur

### Meginmarkmið I

Að bæta ástundun nemenda

#### *Deilimarkmið*

- Að bæta mætingu nemenda sem hefur verið að meðaltali 79% í 84%
- Að draga úr brottfalli úr áföngum sem hefur verið 6% í 5%  
Matsaðferð: Tölfræðilegar niðurstöður úr INNU -  
Fjarvistaskráning

### Meginmarkmið II

Að nemendum líði vel í skólanum

#### *Deilimarkmið*

- Að kannanir leiði í ljós að núverandi markmið um að yfir 90 % nemenda líði vel í skólanum haldi eða aukist
- Að nemendur hafi daglegan aðgang að námsráðgjafa og reglulegan aðgang að heilbrigðisþjónustu og sálfræðingi
- Að tekið sé tillit til nemenda með geðraskanir, þroskafrávik og sértæka námsörðugleika  
Matsaðferð: Könnun meðal nemenda og forráðamanna

### Meginmarkmið III

Að skólinn uppfylli lög um fræðluskyldu

#### *Deilimarkmið*

- Að skólinn taki við nemendum sem rétt eiga á fræðslu, hvernig svo sem undirbúningi þeirra úr grunnskóla er háttað  
Matsaðferð: Könnun

## 1.2 Nám

### Meginmarkmið I

Skólinn leggur áherslu á að boðið sé upp á fjölbreytt úrval námsbrauta

#### *Deilimarkmið*

- Að boðið sé upp á nám á tveimur stúdentsbrautum, félagsfræðibraut og náttúrufræðibraut, tveimur starfsbrautum, íþróttabraut og ferðamálabraut og á almennri námsbraut og að í útstöð skólans á Þórshöfn sé boðið uppá 1. árs nám í framhaldsskóla og nám á almennri braut

Matsaðferð: Könnun

### Meginmarkmið II

Að þróunarverkefni skólans undanfarin ár sé fasti í skólastarfinu og leiðarstjarna næstu ára

#### *Deilimarkmið*

- Að auka ábyrgð nemenda á eigin námi
- Að bæta námsárangur nemenda þannig að meðaleinkunn nemenda hækki úr 7.1 í 7.5 fram til ársins 2014

Matsaðferð: Tölfræðilegar niðurstöður úr INNU - Einkunnayfirlit

- Að búa nemendum námsumhverfi sem undirbýr þá enn betur undir þátttöku í atvinnulífi og fyrir frekara nám

Matsaðferð: Könnun

- Að vinnudagur nemenda sé samfelldur

Matsaðferð: Stundaskrár nemenda

### Meginmarkmið III

Að ný framhaldsskólalög verði að fullu gengin í gildi árið 2014

,

*Deilimarkmið*

- Að verkefnastjórn þróunarverkefnis leiði þá vinnu í samræmi við stefnumótun í fylgiskjali.

### **1.3 Kennsla**

Meginmarkmið I

Að skólinn hafi yfir að ráða hæfum og vel menntuðum kennurum og starfsfólki

*Deilimarkmið*

- Að kennarar skólans séu að lágmarki með BA eða BS gráðu og kennslu- og uppeldisfræðimenntun

Matsaðferð: Könnun meðal starfsmanna og prófgögn starfsmanna

Meginmarkmið II

Að skólinn styðji starfsmenn með þeim hætti sem þeim er kleyft að leita sér endurmenntunar, sem styrkir starfsemi skólans

*Deilimarkmið*

- Að hvetja starfsmenn til að sækja námskeið sem fagfélög þeirra halda
- Að ýta undir að starfsmenn sækji sér viðbótarnámsgráðu, s.s. mastersgráðu

Matsaðferð: Könnun, stofnanasamningur

Meginmarkmið III

Kennarar meti nám nemenda í samræmi við stefnu skólans

*Deilimarkmið*

- Að námsmat sé persónubundið
- Að námsmat sé framkvæmt með fjölbreyttum hætti

Matsaðferð: Könnun

## 1.4 Stjórnun

### Meginmarkmið

Stjórnandi gæti þess að skólastarf sé í samræmi við lög og reglugerðir um framhaldsskóla

### Meginmarkmið I

Þróunar og umbótastarf skólans sé virkt og skili árangri

### *Deilimarkmið*

- Að mat á innra starfi skólans haldist í hendur við umbótastarf hans og þróunarstarf
- Að stjórnendur virki starfsmenn og gefi þeim kost á taka þátt í að móta stefnu fyrir skólann.

### Meginmarkmið II

Að skólinn keppi að því að verða viðurkenndur sem heilsueflandi framhaldsskóli.

### *Deilimarkmið*

- Að skólinn verði viðurkenndur sem heilsueflandi framhaldsskóli eigi síðar en árið 2014

## 1.5 Samstarf við aðra

### Meginmarkmið I

Samstarf við grunn- og leikskóla í sveitarfélaginu

### *Deilimarkmið*

- Að nemendur í 10. bekk sem hafa burði til geti stundað nám í einstökum áföngum við skólann

### Meginmarkmið II

Samstarf við Umf. Eflingu

### *Deilimarkmið*

- Að nemendur ípróttabrautar taki að sér þjálfun og kennslu grunn- og leikskólanema á svæðinu, í umsjón Umf. Eflingar, í verklegum þætti náms síns



- Að nemendum skólans sé árlega gefinn kostur á þátttöku í uppsetningu á leiksýningu með leikdeild Eflingar og það sé metið sem valgrein

## 2.0 Sjálfsmat 2013-2014

### 2.1 Nemendur - ástundun og líðan

**Meginmarkmið I** varðandi nemendur er að bæta ástundun þeirra. Skráð mæting tekur tillit til fjarvista vegna veikinda og leyfa. Safnað var gögnum frá fyrri könnunum síðustu ára til að gera samanburð um þróun mætingar.

Í febrúar 2013 var ljóst að stefndi í óefni varðandi mætingar nemenda sem var þá um 68,3%. Þá var gripið til þeirra aðgerða að setja tímabundnar mætingarreglur. Gengu þær út á að gerð var úttekt á mætingum nemenda á tveggja vikna fresti og þeir sem ekki náðu 85% mætingu urðu að skrá sig úr einum áfanga. Þessar aðgerðir urðu til þess að mætingar nemenda bötnuðu og voru um 74,6% það sem eftir var annar vor 2013. Næsta skólaár, haust 2013 og vor 2014, var haldið í þessar sömu mætingarreglur, þ.e. að gera úttekt á nokkra vikna fresti (2 til 3) og aðhald veitt að 85% mætingu. Þeir sem ekki uppfylltu það þurftu, eins og áður, að skrá sig úr einum áfanga. Úrsagnir úr áföngum á haustönn 2013 voru 39 og utan þess voru veittar 6 undanþágur á úrskráningu. Vorönn 2014 voru 29 úrsagnir, en undanþágur voru töluvert fleiri, tæplega 20, vegna verkfallsins sem var í mars 2014.

Neðangreindar upplýsingar um raunmætingu nemenda eru fengnar úr Innu, með aðstoð áfangastjóra:

2007-2011	78%
2011-2012	74%
H12	75%
V13	72,1%
H13	75,9%
V14	71,7%

Ljóst er, á ofangreindum tölum, að markmið um að bæta ástundun nemenda hefur ekki verið náð. Því þarf að endurskoða og fara yfir þá þætti strax á næsta ári.

Í könnun sem lögð var fyrir nemendur í maí 2014 komu gagnlegar ábendingar frá nemendum um t.d. það sem þeim þykir ábótavant við mætingakerfið (sjá nánar í viðhengi *Skrifleg svör nemenda við spurningum 16 til 17*). Einn nemandi sagði svo:

- “Mætingin mín er í rugli. Fæ ekki alltaf mætingu þegar ég mæti, var hætt að nenna að láta breyta því vikulega. “


Þessi athugasemd kom svo líka frá öðrum nemanda:

- “Persónulega myndi ég vilja hafa meira af frjálsri mætingu fyrir eldri nemendur sem eru að sinna sínu námi vel. Það verða að vera mætingareglur. En fyrir nemendur sem eru kannski 19 ára og eldri fái frjálsa mætingu ef þeir óska eftir henni, eða þeim væri boðin frjáls mæting ef þeir eru að standa sig í náminu og sinna því vel og fái háar einkunnar. Í þeim tilfellum set ég spurningarmerki við að hafa mætingarskyldu, því nánast allt nám við þennan skóla er byggt uppá netinu. Menn geta verið staddir alls staðar í veröldinni og unnið verkefni sín. Mér finnst

mæting ekki eiga að bitna á þeim nemendum sem vinna sína vinnu vel, leiðinlegt að vera felldur í áfanga sem maður er annars að ná. Þurfa að skrá sig úr þeim, sem hefur flottar einkunnir. “


**Meginmarkmið II** varðandi nemendur er að þeim líði vel í skólanum. Deilimarkmið þar er að kannanir leiði í ljós að núverandi markmið um að yfir 90% nemenda líði vel í skólanum haldi eða aukist.

**Hvernig líður þér í vinnustofum - 2011, 2013, 2014**




Af þeim 50 sem tóku þátt í nemendakönnun í maí 2014 segja 44 nemendur, eða 88%, sér líða vel í vinnustofum, sem er nær því að ná markmiðinu um að 90% nemenda líði vel. Það ber þó að taka fram að ekki tóku allir dagskólanemendur á heimavist þátt í könnuninni (50 af 89) og því vert að fylgjast vel með að leggja enn frekar áherslu á þetta á næsta ári.

### Hvernig líður þér í fagtímum? 2013 og 2014



Nemendum virðist almennt líða betur í fagtímum í vor heldur en síðasta vor. Í ár svöruðu 50 nemendur þessari spurningu, en 47 nemendur í apríl 2013. 43 af 50, eða 86% nemenda sem tóku þátt í könnuninni í maí 2014, segir að þeim líði vel í fagtímum. 33 af 47, eða 70% nemenda, greindu frá velliðan í fagtíma í apríl 2013. Það er vissulega framför fyrir skólann.

## Hvernig líður þér á daginn eftir skóla og á kvöldin? 2013 og 2014



44 nemendur af 50, eða 88% nemenda í maí 2014, segjast líða vel á daginn eftir skóla og á kvöldin. Hins vegar er líka einn nemandi í þeirri sömu könnun sem segir sér líða illa við þessar aðstæður. Það er einum of mikið! Í apríl 2013 sögðust 39 af 47, eða 83% nemenda líða vel á daginn eftir skóla og á kvöldin.

## 2.2 Nám - námsárangur

**Meginmarkmið II** varðandi nám er að þróunarverkefni skólans undanfarin 4 ár sé fasti í skólastarfinu og leiðarstjarna næstu ára. Deilimarkmið er að bæta námsárangur nemenda þannig að meðaleinkunn þeirra hækki úr 7.1 í 7.5 á næstu árum. Meðaleinkunn haustannar 2012 er 6,5 og vorannar 2013 6,2. Þetta er töluverð lækkun frá 2011 til 2012 ári og langt frá því að ná því markmiði sem sett var. Haustönn 2013 var meðaleinkunn 6,6 og á vorönn 2014 var hún 6,3. Þetta er örlítið hærra, en varla er hægt að segja að þetta sé mikil breyting. Af þessu má sjá að

augljóst er að markmiði um námsárangur og hækkun meðaleinkunnar í 7,5 hefur engan veginn náðst. Þess ber að geta að nemendur og kennara voru sammála um að verkfallið í mars sl. hafi haft töluverð og jafnvel mikil áhrif á námsárangur (sjá kafla 4.3 í skýrslunni). Því má draga þá ályktun að mögulega hefði meðaleinkunn orðið hærri vorið 2014 ef ekki hefði komið til verkfalls framhaldsskólakennara.

**Meginmarkmið III** miðar að því að ný framhaldsskólalög verði að fullu gengin í gildi árið 2014. Þar er deili markmið að verkefnastjórn þróunarverkefnis leiði þá vinnu í samræmi við stefnumótun. Verkefnastjórn hefur á skólaárinu 2013 til 2014 unnið að vinnu við stefnumótun og almennan hluta nýrrar námskrár. Einnig hafa allir kennarar tekið þátt í vinnu við að móta og skrifa áfangalýsingar fyrir nýja námskrá undir stjórn skólastjórnenda. Þessari vinnu verður haldið áfram næsta skólaár. Nokkrir tilraunaáfangar voru kenndir haustið 2013 eftir nýrri námskrá og er áætlað að fleiri áfangar bætist í hópinn næsta haust, haust 2014.

### **2.3 Kennsla - - starfsandi og fagmennska**

Á skólaárinu 2013 - 2014 var ekki lagt mat á kennslu, starfsanda og fagmennsku sérstaklega. Gert er ráð fyrir því að aðaláhersluatriði sjálfsmats 2016 - 2017 lúti að þessum þætti.

### **2.4 Stjórnun -- umfang skólastarfs**

Á skólaárinu 2013 - -2014 var ekki lagt mat á stjórnun sérstaklega. Gert er ráð fyrir að aðaláhersluatriði sjálfsmats 2014 - 2015 lúti að stjórnun.

## 2.5 Samstarf við aðra


Þessi þáttur var ekki tekin fyrir í sjálfsmatinu þetta skólaárið. Gert er ráð fyrir að þessi þáttur sjálfmats, varðandi samstarf við aðra, verði skoðaður árið 2015 - 2016.

## 3.0 Sérstakar áherslur í sjálfsmati 2013--2014

Skólaárið 2013 - -2014 var lögð sérstök áhersla á að meta ástundun og árangur nemenda. Einng var spurt um áhrif verkfalls á árangur og ástundun. Kennarar voru einnig hvattir til að leggja fram áfangamat í einstaka áföngum hjá sér. Hér eru niðurstöður þessa árs bornar saman við niðurstöður fyrri ára á þessum þáttum.

### 3.1 Ástundun


Meirihluti nemenda finnst þeir sinna náminu frekar vel eða mjög vel. Hinsvegar finnst fleiri körlum en konum þeir sinna námi sínu hvorki vel né illa og frekar illa. Það gæti bent til þess að kennsluhættir séu ekki eins hvetjandi fyrir karla og konur.



Enginn kennari hvorki karl né kona hafði mjög góða tilfinningu fyrir mætingu nemenda í vinnustofur og enginn mjög slæma heldur. Svörunin í sjálfu sér kemur heim og saman við skráningu mætinga í Innu þar sem kemur fram að um 80% nemenda er með 80-85% mætingu.




### Tilfinning ken fyrir mætingu nemenda í vst




Meirihluti kennara óháð kyni telur afköst nemenda í áföngum frekar góða. Enginn er þó það sáttur að telja afköst nemenda mjög góð. Svörunin eftir kyni gefur þó vísbendingu um að fleiri konur en karlar séu ósáttari við afköst nemenda.

### Tilfinning fyrir afköstum nemenda í áfangum, eftir kyni kennara



Meirihluti nemenda eru ánægðir eða frekar ánægðir með þær mætingareglur sem í gildi voru veturinn 2013-2014. Meirihluti nemenda var að standa sig í mætingu og rakst þar af leiðandi ekki á reglurnar þ.e. þufti að segja sig úr áfanga. 9 nemendur af þeim 50 sem tóku þátt í könnuninni voru frekar og mjög óánægðir með mætingareglurnar. Í Innu voru 20% nemenda skráðir með undir 85% heildarmætingu. Af þeim sem eru óánægðir eru karlar ósáttari en konur við reglurnar.


### Hversu ánægð/ur ertu með mætingarreglurnar sem giltu á þessari önn? (Nem)



### 3.2 Árangur


Meirihluti kennara telja að meirihluti og gott betur séu að ná árangri miðað við getu. Þeir sem telja að minnihluti nemenda sé að ná árangri eftir getu eru um 30% og eru það allt konur í þeim hópi.

### Finnst þér nemendur ná árangri miðað við getu?




Af þeim 50 sem tóku þátt í könnuninni eru 34 eða 68% mjög eða frekar sáttir með árangur sinn í náminu, en 74% töldu sig sinna námi sínu vel eða mjög vel, samanber mynd bls. 16. Þeir sem telja sig sinna náminu vel eru sáttari við árangur sinn í náminu, en þeir sem sinna náminu verr. Maður uppsker jú víst það sem maður sáir.....

### Hversu sátt/ur ertu með árangur þinn í náminu? (Nem)




Þegar borin eru saman svör nemenda veturinn 2013-2014 við fyrri kannanir má sjá að enginn er mjög ósáttur við árangur sinn, sem hlýtur að teljast jákvætt. Yfir helmingur nemenda er sáttur við árangur sinn. Mynstrið er svipað og kom út úr könnunum apríl 2009 og desember 2010. Hins vegar sker könnunin sem gerð var í apríl 2013 sig úr að því leyti að langflestir svöruðu spurningunni *hvorki né*. Af þessu má álykta að nemendur séu almennt sáttari með árangur sinn í náminu þetta skólaár, miðað við skólaárið 2012 til 2013.




### 3.3 Áhrif verkfalls

Þriggja vikna verkfall var í mars 2014, nánar tiltekið frá og með 17. mars til og með 4. apríl. Þeir 50 nemendur sem tóku þátt í könnun í maí voru býsna sammála um að verkfallið í mars 2014 hafi haft áhrif á árangur þeirra í náminu. 22 nemendur, eða 44% sögðu verkfallið hafa haft mikil áhrif, 18 nemendur, eða 36% sögðu verkfallið hafa haft töluverð áhrif (sjá mynd að neðan).



Af þeim 9 kennurum sem tóku þátt í kennarakönnun á starfsdögum í maí 2014 sögðu 7 að verkfallið hafi haft töluverð áhrif á námsárangur nemenda þeirra.

### Áhrif verkfalls á árangur nemenda




### 3.4 Áfangamat

Mælt var til þess, af sjálfsmatsnefnd, í samráði við stjórnendur skólans, að leggja fyrir áfangamat, hver kennari úr



einum af sínum áfanga vorið 2014. Niðurstöðurnar voru sendar til skólameistara. Skiluðu flestir kennarar áfangamati.



Sjálfsmatsnefnd 2013 til 2014 langar til að enda niðurstöðu kaflann á þessari skemmtilegu mynd, þar sem 47 nemendur af 50 sögðust myndu hvetja vini sína til að koma í þennan skóla.

## 4.0 Eftirfylgni sjálfsmats

Haustið 2014 þarf að fara í aðgerðir til þess að bæta ástundun og árangur nemenda með því t.d. að endurskoða viðbrögð og eftirfylgni varðandi mætingar nemenda. Setja fram skriflegar leiðbeiningar og viðmið um hlutverk kennara og nemenda í vinnustofum og samræma verkferla í tengslum við veikindaskráningu nemenda. Í framhaldinu verði líðan nemenda

könnuð og fylgst sérstaklega með ástundun og árangri nemenda, jafnt og þétt.

Vonast sjálfsmatsnefndin til þess að stjórnendur skólans fari yfir áfangamat hvers áfanga, til þess að ræða við viðkomandi kennara í starfsmannaviðtali næsta árs. Með því móti er líklegt að þróun og framfarir verði í einstaka áföngum. Samhliða vinnu við nýja námskrá þarf að efla áfangamat.

#### **4.1 Sjálfsmatsáætlun frá hausti 2014 til vors 2017.**

##### **1. Gert er ráð fyrir að aðaláhersluatriði sjálfsmats 2014 - 2015 lúti að stjórnun.**

###### ***a. Haust 2014***

- i. Fara yfir sjálfsmatskýrslu 2013 til 2014
- ii. Áfangamat
- iii. Kanna viðhorf starfsmanna allar og nemenda um stjórnun skólans
- iv. Ástundun og árangur kannaður með upplýsingum úr Innu

###### ***b. Vor 2015***

- i. Áfangamat
- ii. Kennarakönnun um leiðsagnakerfi
- iii. Foreldrakönnun um leiðsagnakerfi
- iv. Nemendakönnun um leiðsagnakerfi
- v. Ástundun og árangur kannaður með upplýsingum úr Innu
- vi. Farið yfir sjálfsmatsáætlun - endurbætt

##### **2. Gert er ráð fyrir að aðaláhersluatriði sjálfsmats 2015 - 2016 lúti að samstarfi við aðra. Einnig verður ástundun og árangur nemenda í nýrri námskrá til skoðunar.**

**a. Haust 2015**

- i. Fara yfir sjálfsmatsskýrslu 2014 til 2015
- ii. Áfangamat
- iii. Nemendakönnun um þátttöku og viðhorf til íþróttastarfsnámsins í samstarfi við íþróttanefnd Eflingar
- iv. Ástundun og árangur kannaður með upplýsingum úr Innu

**b. Vor 2016**

- i. Áfangamat
- ii. Nemendakönnun um þátttöku og viðhorf til náms með leikdeild Eflingar
- iii. Meta Tónkvísl
- iv. Nemendakönnun um nýja námskrá
- v. Foreldrakönnun um nýja námskrá
- vi. Kennarakönnun um nýja námskrá
- vii. Ástundun og árangur kannaður með upplýsingum úr Innu
- viii. Farið yfir sjálfsmatsáætlun - endurbætt

**3. Gert er ráð fyrir því að aðaláhersluatriði sjálfsmats 2016 - 2017 lúti að kennslu, starfsanda og fagmennsku.**

**a. Haust 2016**

- i. Fara yfir sjálfsmatsskýrslu 2015 til 2016
- ii. Áfangamat
- iii. Nemendakönnun um kennsluaðferðir og námsmat
- iv. Kennarakönnun um kennsluaðferðir og námsmat
- v. Ástundun og árangur kannaður með upplýsingum úr Innu

**b. Vor 2017**

- i. Áfangamat

- ii. Nemenda- og starfsmannakönnun um starfsanda og fagmennsku
- iii. Ástundun og árangur kannaður með upplýsingum úr Innu
- iv. Farið yfir sjálfsmatsáætlun - endurbætt

## 5.0 Viðhengi

### 5.1 Niðurstöður könnunar um upplifun nemenda á árangri og ástundun vor 2014.

Svör við spurningum 3 til 16:

<https://docs.google.com/a/laugar.is/spreadsheets/d/1jIrxpWI0y2phjV9j6CFUc1bqmKcgbhLormtV7shKEuw/edit#gid=0>

Skrifleg svör við spurningum 16 til 17:

[https://docs.google.com/a/laugar.is/document/d/1C2a7lmKUh4nQEbrHLECDzhB1MwOPZ9YLGjPQJnAg\\_PU/edit](https://docs.google.com/a/laugar.is/document/d/1C2a7lmKUh4nQEbrHLECDzhB1MwOPZ9YLGjPQJnAg_PU/edit)

## 5.2 Niðurstöður könnunar um upplifun kennara á árangri og ástundun nemenda vor 2014, miðað við nýtt mætingakerfi skólans.

Svör við spurningum 3 til 11:

[https://docs.google.com/a/laugar.is/spreadsheets/d/18H7J>IfJqpE-biSA\\_IyTvZzGat6vZk-0tNN87hESrkM/edit#gid=2027728203](https://docs.google.com/a/laugar.is/spreadsheets/d/18H7J>IfJqpE-biSA_IyTvZzGat6vZk-0tNN87hESrkM/edit#gid=2027728203)

Skrifleg svör við spurningu 12:

[https://docs.google.com/a/laugar.is/document/d/1RIa9Pw9F0K1P1e6A8b6YbDixdXES8\\_h8RzkIcc8kZvA/edit](https://docs.google.com/a/laugar.is/document/d/1RIa9Pw9F0K1P1e6A8b6YbDixdXES8_h8RzkIcc8kZvA/edit)

Laugum 4. júní 2014

---

Birna Björnsdóttir

---

Júlía B. Sigurðardóttir